



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 19. maí 2025
25052244/005.05 GEF

Efni: Hundasvæði í Kópavogi.

Óskað hefur verið eftir að umhverfissvið taki saman upplýsingar um málefni hundasvæða í Kópavogi og hvort úrbætur séu fyrirhugaðar.

Eftirfarandi mál hafa verið lögð til umfjöllunar og meðferðar inn í nefndum og ráðum á undanförunum árum:

- Á fundi bæjarráðs 26. júní 2014 var lögð fram fyrirspurn til bærarstjóra um stöðu á byggingu hundagerðis í Kópavogi. Á fundi bæjarráðs 28. ágúst s.á. var lögð fram tillaga bærarstjóra um að *umhverfissviði yrði falið að merkja afmarkað svæði við Vatnsendahvarf, sem hundasvæði* í samræmi við minnisblöð frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs. Vísaði bæjarráð málinu til umhverfis- og samgöngunefndar til úrvinnslu. Enga bókun er að finna um framgang málsins í fundargerðum umhverfis- og samgöngunefndar. Með tölvupósti í janúar 2015 tilkynnti starfsmaður umhverfis- og samgöngunefndar gatnadeild og skrifstofu sviðsstjóra um að á Vatnsendahæð hafi verið tekið í notkun svæði fyrir lausagöngu hunda með lágmarkaðstöðu þar sem ruslatunnum var komið fyrir á svæðinu.
- Á fundi bæjarráðs 12. mars 2015 var lögð fram fyrirspurn um áætlanir bæjarins um að koma upp lokuðu hundagerði í Kópavogi. Á fundi bæjarráðs 19. s.m. var lagt fram erindi frá sviðsstjóra umhverfissviðs þar sem vísað er í áður nefnda samþykkt bæjarráðs frá ágúst 2014 um að afmarka svæði í Vatnsendahvarfi sem hundasvæði.
- Árið 2018 voru lagðar fram nýjar tillögur að hundasvæðum í Kópavogi og voru tvær staðsetningar lagðar til. Annars vegar afgirt hundasvæði í Kópavogsdal, vestan Lækjarhalla og hins vegar lausagöngusvæði í nágrenni við Guðmundarlund. Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar 12. mars 2018 var samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu skipulagsráðs varðandi grenndarkynningu á breytti notkun á svæðinu. Lögðust hagaðilar gegn greindum tillögum og var í kjölfarið tekin ákvörðun um að aðhafast ekki frekar í málinu.
- Á fundi skipulagsráðs 6. maí 2019 var samþykkt að vinna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir austurhluta Fossvogsdals og gera ráð fyrir hundasvæði staðsett við göngustíg neðan Álfatúns. Voru áformin kynnt íbúum og öðrum hagaðilum sumarið 2019 og bárust fjölda athugasemda við tillöguna. Á fundi skipulagsráðs 29. júlí 2019 var skipulags- og byggingardeild falið að leggja fram nýja tillögu að staðsetningu hundagerðis í Fossvogsdal. Ekki hefur verið lögð fram tillaga að nýrri staðsetningu í Fossvogsdal.



- Á fundi bæjarráðs 18. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn varðandi hundasvæði í Kópavogi, var erindinu vísað til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs. Á fundi bæjarráðs 25. s.m. var lögð fram umsögn deildarstjóra gatnadeildar um erindið. Var erindinu vísað til umhverfis- og samgöngunefndar. Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar 18. október s.á. var erindið tekið fyrir. Bókaði nefndin eftirfarandi: „*Umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að gert er ráð fyrir hundagerði á deiliskipulagi fyrir Vatnsendahæð og leggur til að skoðað verði að koma upp varanlegu afgirtu lausagöngusvæði fyrir hunda*“. Vísaði umhverfis- og samgöngunefnd erindinu til umhverfissviðs fyrir frekari úrvinnslu og til bæjarráðs við gerð fjárhagsáætlunar. Ekki var fleira gert í málinu.
- Líkt og kemur fram í bókun umhverfis- og samgöngunefndar frá 18. október 2022 er gert ráð fyrir hundagerði í deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Eins og framangreind dæmi sýna hefur það reynst erfitt að finna staðsetningu fyrir hundasvæði í grónum hverfum. Hafa allar tillögur að nýjum hundasvæðum mætt gríðarlegri andstöðu. Í skipulagsferli nýrra hverfa hefur því verið lögð áhersla á að gera ráð fyrir hundasvæðum frá upphafi líkt og í Vatnsendahvarfi. Hvað varðar hundasvæði í grónum hverfum hefur þeirri vinnu verið slegið á frest þar til annað er ákveðið. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að hefja rýni fyrir skipulagsferli á því hvar sé möguleiki á að koma fyrir hundasvæði í eldri hverfum sem myndi mögulega mæta minni mótspyrnu en eldri tillögur hafa gert.

Hvað varðar ábendingar frá íbúum vegna hundasvæða hefur þeim fjölgað eftir að framkvæmdir hófust í Vatnsendahvarfi. Hefur öllum ábendingum verið svarað með því að veita upplýsingar um stöðu mála eins og hún er í dag. Líkt og að framan greinir er staðan sú að ekki er að finna afmarkað hundasvæði í Kópavogi eins og er en hundagerði verði að finna í Vatnsendahvarfi að framkvæmdum loknum. Þá hefur ekki verið tekið ákvörðun um að hefja skipulagsvinnu með það að markmiði fjölga hundasvæðum í Kópavogi.

Virðingarfyllt,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

